

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi og um deiliskipulag frístundabyggða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

a) *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs, Fljótsbakka 30 og 32.*
Breytingin felst í því að aðkoma á lóð nr. 30 sem legið hefur um lóð nr. 32 við Fljótsbakka verður á milli lóða nr. 29 og 32.

b) *Deiliskipulag frístundabyggðar á Kvíanesi í landi Efri-Brúar, Grímsnes- og Grafningshreppi.*
Deiliskipulagið er um 15,2 ha á svæði sem afmarkast af Úlfjótuvatni, Þingvallavegi (nr. 36) og landi Kvíaness að sunnan. Gert er ráð fyrir 23 frístundalóðum.

c) *Deiliskipulag frístundabyggðar Miðborga í landi Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.*
Deiliskipulagið er um 62 ha þar sem gert er ráð fyrir 56 frístundalóðum.

Erindi þessi hafa fengið meðferð samkvæmt 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 29. október 2003.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.